



9. NORRÆNT KONUNGSVALD

Bls 73–77

Markmið

Að nemandi átti sig á að:

- Ísland var hluti af víðfeðmu Norður-Atlantshafsveldi Noregs
- stjórnskipun Íslands breyttist töluvert við inngönguna í Noregsveldi
- framkvæmdavald var innleitt á Íslandi
- sakamál urðu opinber
- konungur reyndi að auka áhrif sín en íslenskir höfðingjar komu í veg fyrir það og fóru að stærstum hluta með völdin í landinu.
- Noregsveldi hrundi á 14. öld og varð hluti af Danaveldi
- Ísland tilheyrði Danakonungi frá 1380
- Ísland naut mikils sjálfræðis allar miðaldir þrátt fyrir að tilheyra erlendum konungi

Kennsla

Mikilvægt er að gera nemendum grein fyrir styrk Noregsveldis þegar Ísland varð hluti þess en þá spannaði það stórt svæði á norðanverðu Atlantshafi. Með tímanum færðist áherslan hins vegar frá Atlantshafinu og því varð Ísland afskekktari hluti ríkisins með tímanum.

Gott er að nemendur átti sig á þeim breytingum sem urðu á íslenski stjórnsýslu eftir að Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd. Framkvæmdavald kom til sögunnar og þar með urðu refsingar opinberar en ekki einkamál eins og áður hafði verið. Rétt er að geta þess að hefndarvíg héldu áfram þó ólögleg væru.

Taka skal fram að Noregskonungur reyndi með tímanum að auka skattheimtu og völd sín hérlandis en það tókst aldrei. Íslenskir bændahöfðingjar streittust á móti enda höfðu þeir í raun flest völd í hendi sér þrátt fyrir norskt vald.

Að lokum skal fjallað um hrun Noregsveldis sem leiddi til þess að það varð hluti af Danaveldi og því tilheyrði Ísland Danakonungi upp úr því. Það hafði hins vegar ekki áhrif á valdastöðu íslenskra höfðingja.

Til fróðleiks

Konungserfðir

Vaninn var sá að elsti sonur konungs tæki við völdum eftir daga föður síns. Hins vegar var allur gangur á því hvernig það gekk fyrir sig enda oft valdabarátta á miðöldum og því ýmsir til að hrifsa til sín völdin. Þá var einnig venja að konungsborið fólk leitaði sér að maka sem teldist af jafn göfugu ætterni.



Umræður

- Hvort finnst þér Ísland hafa verið ósjáfstætt eða sjálfstætt í raun og veru á miðöldum?
- Af hverju heldur þú að Noregskonungur hafi sífellt reynt að auka völd sín á Íslandi?
- Hverjir heldur þú að hafi ráðið mestu á Íslandi í raun og veru eftir að Noregskonungur tók völdin hér?
- Hvaða áhrif heldur þú að innganga Íslands í Noregsveldi hafi haft á stjórn Íslands?
- Íslendingar nutu mikils sjálfsræðis á miðöldum bæði undir stjórn Noregs og Danmerkur. Hver telur þú að sé helsta ástæða þess?

Verkefni

- Skrifðu sendibréf sakamanns sem hefur verið dæmdur. Hann skrifar til foreldra sinna og útskýrir hvað hann var dæmdur fyrir og hvaða dóm hann hlaut. Þú ræður hvaða refsingu hann hefur hlotið. Þú getur haft í huga samanburð á refsingum fyrir og eftir breytingar á stjórnkerfinu.
- Berðu saman refsingar fyrir og eftir að Noregskonungur tók völdin hér á landi.
- Skrifðu frétt þar sem sagt er frá því að Ísland, sem var hluti af Noregi, er nú allt í einu orðið hluti af Danaveldi. Hafðu í huga hvort það ætti að hafa einhverja breytingu í för með sér.
- Teiknaðu mynd eða myndasýrpu sem sýnir íslenska bændur bregðast við óskum konungs um aukna skatta. Þeir gætu til dæmis verið staddir á Þingvöllum.
- Teiknaðu mynd/myndasýrpu/ veggspjald sem sýnir færslu Íslands frá Noregskonungi yfir til Danakonungs. Þetta gæti verið falleg ástarsaga. Hver giftist hverjum og börnin erfðu heilu löndin.

Kort

- Merktu inn á kort þá staði sem koma við sögu í kaflanum. Skrifðu ártöl og heiti eftir því sem við á.

Tímaás

- Merktu inn á tímaásinn öll ártöl og tímabil sem koma fyrir í kaflanum.



9. NORRÆNT KONUNGSVALD – VERKEFNI

Bls 73–77

1. Hvaða lögbók notuðust Íslendingar við næstu aldirnar?

2. Hvaða sérstöðu naut Ísland þann tíma sem landið laut erlendu valdi?

3. Hverjir fóru í raun með helstu völd landsins?

4. Hvaða breytingar urðu á meðferð sakamála þegar ný lög tóku gildi?

5. Hver var staða Íslands gagnvart konungi?



6. Hvað reyndi konungur að gera til að auka völd sín á Íslandi? Hvernig gekk það?

7. Af hverju gafst konungur upp við að leigja hirðstjóraembættið?

8. Hver var landfræðileg staða Íslands innan Noregsveldis?

9. Hver var staða Íslands í Danaveldi á þessum tíma?

10. Hvað olli því að Íslendingar nutu mikils sjálfsræðis á miðöldum?



9. NORRÆNT KONUNGSVALD – LAUSNIR

1. *Jónsbók* en hún tók gildi árið 1281.
2. Ísland var sérstakt lagaumdæmi í ríki konungs og naut þar með sérstöðu allan þann tíma sem landsmenn lutu erlendu valdi.
3. Konungsvaldið hafði náð yfirhöndinni í flestum ríkjum Evrópu á þessum tíma en hér á landi tókst íslenskum höfðingjum að mestu að halda völdum næstu aldirnar. Íslendingar héldu því áfram að fylgja þeirri hefð að eignabændur færu með öll helstu völd.
4. Miklar breytingar urðu á sakamálum eftir að framkvæmdavaldið kom til sögunnar á Íslandi. Þar sem landsmenn voru þegnar konungs báru þeir ábyrgð á gjörðum sínum gagnvart honum. Væri maður drepinn varð að bæta konungi tjónið þar sem hann hafði misst einn af þegnum sínum. Í stað þess að menn yrðu sjálfir að hefna fyrir misgjörðir annarra urðu öll sakamál opinber. Embættismenn konungs áttu því að sjá um að refsa sakamönnum. Nýjar refsingar komu til sögunnar, svo sem hýðingar og brennimerkingar, en líkamsmeiðingar höfðu ekki áður verið í lögum landsins. Blóðhefnd var þar með bönnuð með lögum.
5. Staða Íslendinga breyttist ekki að ráði eftir að þeir gengu konungi á hönd. Þrátt fyrir að höfðingjar hefðu tapað goðorðum sínum héldu þeir völdum sínum að mestu. Fjarlægðin á milli Íslands og Noregs takmarkaði mjög möguleika konungs til að haga málum eftir eigin höfði.
6. Konungur reyndi með ýmsu móti að styrkja stöðu sína hér á landi. Skömmu eftir aldamótin 1300 tók hann að skipa norska embættismenn á Íslandi en þeim var illa tekið héraendis. Bændur gerðu með sér samþykkt á Alþingi þar sem þess var krafist „að íslenskir séu lögmenn og sýslumenn á landi voru, af þeirra ætt sem að fornu hafa goðorðin upp gefið“. Þá fór konungur fram á að landsmenn greiddu honum aukaskatt en þeim óskum var neitað af þingmönnum. Bændur virðast hafa verið staðráðnir í að gefa hvergi eftir gagnvart konungi og er ekki annað að sjá en hann hafi þurft að sætta sig við afstöðu þeirra.
7. Konungur var í fjárþröng og því brá hann á það ráð að leigja hirðstjóraembættið út gegn ákveðinni upphæð. Í staðinn fengu leiguhirðstjórnir allar skatttekjur í eigin vasa. Þeir þóttu beita mikilli hörku við skattheimtuna. Bændur voru ósáttir við innheimtumennina og drápu þá í svonefndum Grundarbardaga. Eftir þá atburði gafst konungur upp við að leigja mönnum hirðstjóraembættið.



8. Noregur var vaxandi veldi þegar Íslendingar gengu konungi á hönd á seinni hluta 13. aldar. Sjónir norskra ráðamanna beindust fyrst og fremst að Norður-Atlantshafi enda höfðu þeir aðsetur við vesturströnd Noregs. Ísland var þess vegna fjarri því að vera afskekktur hluti Noregsveldis sem náði alla leið vestur til Grænlands. Atlantshafsveldi Noregs stóð stutt og fór svo að lokum að Norðmenn misstu sjálfstæði sitt og urðu hluti af Danaveldi. Ísland fór sömu leið og því stóðu landsmenn skyndilega frammi fyrir því að vera orðnir þegnar Danakonungs.
9. Ísland var afskekktur og fjarlægur partur þess enda var Danmörk lítið sjóveldi á miðöldum. Danir höfðu þar af leiðandi lítil afskipti af Íslendingum fyrst um sinn og því gátu landsmenn að mestu farið sínu fram. Þar við bættist að tungumál Norðurlandabúa höfðu tekið miklum breytingum á 14. og 15. öld meðan Íslendingar töluðu að mestu þá sömu norrænu og þeir höfðu alltaf gert. Það varð því erfiðara að skipa útlenda menn til embætta á Íslandi enda voru embættismenn landsins yfirleitt íslenskir á miðöldum.
10. Fjarlægð Íslands og sjálfspurftarbúskapur landsmanna hafði í för með sér að landsmenn nutu mikils sjálfræðis í ríki Danakonungs.